



## Erfið staða ríkissjóðs – fjárfestingartölur ekki í samræmi við yfirlýsingar

*Hið opinbera, og þá sérstaklega ríkissjóður, hefur tekið sér mikið hlutverk í efnahagslífinu á þessu ári. Þessi staða er svipuð í nær öllum nágrannaríkjum, hlutverk ríkissjóðs í efnahagslífinu er orðið mjög stórt og skuldbindingar miklar í samræmi við það.*

Þessi staða er hins vegar ekki alveg ný. Þannig hefur verið halli á rekstri ríkissjóðs allt frá upphafi ársins 2019. Það sama gildir raunar einnig um sveitarfélögin sem hafa verið rekin með halla mun lengur. Hallinn hefur aukist verulega á þessu ári. Hvað ríkissjóð varðar var hallinn á árinu 2019 að meðaltali 4,3% af tekjum, en var svo 16% á fyrsta ársfjórðungi 2020 og 28% af tekjum á öðrum. Staða ríkissjóðs byrjaði í raun að snúast við í upphafi ársins 2019 í tengslum við aukna erfiðleika í ferðaþjónustu og gjaldþrot WOW-air.

### **Tekjur hafa dregist mikið saman**


Tekjur ríkissjóðs voru þannig u.þ.b. 21 ma.kr. lægri á 2. ársfjórðungi í ár en var á 2. ársfjórðungi 2019, þannig að tekjuhliðin hefur gefið eftir líkt og útgjaldahliðin.

Sé litið á þróun tekna milli fyrri árshelminga 2019 og 2020 má sjá að heildartekjur hafa dregist saman um rúma 40 ma.kr. á tímabilinu, en þær drógust saman um rúma 5 ma.kr. árið áður. Á fyrri hluta þessa árs hafa skatttekjur dregist saman um tæpa 35 ma.kr. frá fyrra ári samanborið við 6 ma.kr. aukningu árið á undan. Skattar á tekjur og hagnað hafa minnkað mun meira en skattar á vöru og þjónustu. Tryggingagjöld hafa dregist saman um rúma 5 ma.kr. á milli fyrri árshelminga 2019 og 2020.


### **Útgjaldaaukningin veruleg**

Heildarútgjöld jukust um 47 ma.kr. á milli fyrri árshelminga 2019 og 2020. Þar var munurinn frá fyrra ári ekki eins mikill og í tekjunum, þar sem útgjöld höfðu aukist um 35 ma.kr. árið áður. Munurinn á milli ára liggur því aðallega í mikilli

**Afkoma ríkissjóðs og sveitarfélaga**



**Tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga**





tekjuminnkun í ár. Fjárframlög skýra stærstan hluta aukningarinnar í ár, eða um 36 ma.kr., sem er um tvöföldun frá sama tíma síðasta ár.

Framleiðslustyrkir jukust um 7,7 ma.kr. milli ára og laun um 6,7% sem var nokkuð minna en aukningin árið á undan.

Samanlögð tekjuminnkun og útgjaldaaukning ríkissjóðs á milli fyrri árs helminga 2019 og 2020 nemur samtals um 88 mö.kr.

Tveir útgjaldaliðir lækka milli ára, í fyrsta lagi vaxtagjöld, sem kann að vera skammgóður vermir þar sem skuldir ríkissjóðs fara nú ört vaxandi, en á móti kemur að lánakjör ríkissjóðs á mörkuðum hafa batnað mikið á síðustu misserum. Þá dróst fjárfesting saman um 4,5 ma.kr. milli ára.


### Minnkuð fjárfesting skýtur skökku við

Fjárfesting ríkissjóðs minnkaði um 17,1% milli fyrri árs helminga 2019 og 2020 og fjárfesting sveitarfélaganna um 9%. Þessar tölur eru óneitanlega nokkuð úr korti í ljósi þess að opinbert fjárfestingaráttak hefur verið margþað, t.d. í tengslum við endurskoðun fjármálastefnu vorið 2019. Það var svo gert í annað skipti í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú síðla vetrar um aðgerðir vegna veirufaraldursins. Þá var ákveðið í fjáruka lögum að auka fjárfestingar ríkissjóðs um 19 ma.kr. á árinu 2020 ofan á 7 ma.kr viðbót sem hafði verið samþykkt í fjárlögum ársins. Fjárfesting ríkissjóðs var um 67 ma.kr. á árinu 2019 og með fjárlögum og fjáruka lögum hefur verið ákveðin aukning upp á 25 ma.kr. frá síðasta ári, eða 37%. Og nú er einu sinni enn verið að boða fjárfestingaráttak í tengslum við nýja fjármálaáætlun sem verður lögð fram í þingbyrjun.

Þrátt fyrir þetta sýndu fyrstu niðurstöður þjóðhagsreikninga fyrir árið 2020 rúmlega 14% samdrátt í opinberri fjárfestingu á milli fyrri árs helminga 2019 og 2020 á verðlagi hvers árs (rúm 11% að raungildi).


Tölur um opinbera fjárfestingu verða oft fyrir áhrifum af óreglulegum liðum, t.d. þegar ríkissjóður tók við Hvalfjarðargöngum í lok árs 2018 og þegar Vestmannaeyjaferja var gjaldfærð á 2. ársfjórðungi 2019. Sé litið á heildarmyndina er samt nokkuð ljóst að áform síðustu missera um stóru aukna opinbera

### Breyting tekna ríkissjóðs milli fyrri árs helminga




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Breyting útgjalda ríkissjóðs milli fyrri árs helminga



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Fjárfesting hins opinbera á verðlagi hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands, Fjármála- og




fjárfestingu hafa ekki náðst enn sem komið er, hvort sem litið er á opinberar tölur um þjóðhagsreikninga eða tölur um fjármál hins opinbera.

### **Ríkissjóður í bílstjórasetinu**

Hlutverk hins opinbera í hagstjórn og efnahagslífinu verður mikið á næstu árum, og á það einkum við um ríkissjóð. Ríkissjóður er í bílstjórasetinu hvað hagstjórn varðar og verður það á næstu árum. Það ættu því að vera góð skilyrði fyrir stjórnvöld að koma stefnumiðum sínum í framkvæmd. Vonandi hillir undir að stór áform um opinberar fjárfestingar sjái dagsins ljós.

**Breyting fjárfestinga ríkissjóðs frá sama árfjórðungi fyrra árs**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.